

VS Upplýsingatæknimennt 10. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

10

Lýsing

Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslan leggur áherslu á sjálfstæða og gagnrýna vinnu þar sem nemendur skipuleggja eigin verkefni og nýta fjölbreytt forrit og tæki. Nemendur fást við raunhæf verkefni sem tengjast samfélagi, nýsköpun, forritun og miðlun. Verkefnin eru oft teymisbundin og krefjast ábyrgðar og frumkvæðis.

Námsaðlögun

Nemendur fá að velja viðfangsefni og nálgun út frá áhuga og styrkleikum sínum. Þeir sem þurfa meiri stuðning fá stuðningsverkefni, einfaldari nálgun og reglulega leiðsögn, en nemendur sem eru lengra komnir fá að vinna sjálfstæð og skapandi verkefni sem byggja á frumkvæði.

Námsmat

Lögð er áhersla á símat og leiðsagnarmat. Matið tekur mið af vinnuferli, þátttöku, frumleika og ábyrgri notkun tækni. Nemendur fá tækifæri til að skila verkefnum á mismunandi formi (texti, mynd, hlaðvarp, myndband o.fl.). Sjálfsmat, jafningjamat og kennaramat tryggja fjölbreytta endurgjöf.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 10. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 10. bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 10. bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 10. bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 10. bekk - Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 10. bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.